

Ég elska rafbílinn minn

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu um rafbíla og eflaust margar spurningar sem brenna á fólki. Orka Náttúrunnar hefur boðist til að hafa íbúafund á Akranesi undir nafninu „Ég elska rafbílinn minn“. Orka Náttúrunnar tekur ekki gjald fyrir slíkan fund og aðgangur yri ókeypis fyrir bæjarbúa.

Markmið íbúafundarins væri að fræða íbúa Akraness um rafbíla almennt og hvert Ísland er komið í rafbílavæðingu og orkuskiptum. Fundurinn yri mögulega unninn í samstarfi við eitthvað af umboðunum og þá prufuakstur í boði. Bílaumboðið gæti þá kynnt rafbíla sína og framtíðarsýn framleiðenda sinna í leiðinni.

Á fundinum myndu fulltrúar Orku náttúrunnar ræða við íbúa og svarað spurningum sem þeir hafa.

Akranes myndi leggja til húsnæði fyrir fundinn. Lagt er til að leggja fram fristundarmiðstöðina uppi í golfskála eða Tónberg.

Orka Náttúrunnar leggur til að fundurinn verði haldinn sem fyrst en hefur ekki gefið út neinar dagsetningar.